

Landsnet hf.
 Guðmundur Ingi Ásmundsson
 forstjóri
 Gylfaflöt 9
 112 REYKJAVÍK

 Reykjavík, 26.6.2017
 Tilvísun: OS2017010020/10.5
 Verknúmer: 412-3120

LANDSNET
28. JÚNÍ 2017

 Verkefni: 2017-04-30

 Lykill: 1.5 Abm.: GS
Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnes árið 2016

Orkustofnun setti Landsneti tekjumörk fyrir árin 2016 – 2020 með bréfi dags. 9. maí 2016. Ákvörðun um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna fyrir árið 2016 lá fyrir með bréfi dags. 7. apríl 2016. Orkustofnun hefur nú lokið uppgjöri tekjumarka Landsnets árið 2016, á grundvelli 6. mgr. 12. gr. raforkulaga og eru uppperð tekjumörk ásamt tekjum sem hér segir:

Tekjur:

	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.	Samtals í þús. kr.
Flutningstekjur	4.258.987	8.613.844	12.872.831
Þjónustutekjur	23.276	31.415	54.692
Aðrar tekjur	42.828	54.911	97.739
Samtals tekjur	4.325.091	8.700.171	13.025.262

Gjöld:

	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.	Samtals í þús. kr.
Rekstrarkostnaður	1.400.514	1.795.654	3.196.168
Viðbótarrekstrarkostnaður	19.254	24.687	43.941
Afskriftir	1.447.912	2.590.899	4.038.811
Arður	2.033.889	4.301.051	6.334.940
Samtals gjöld	4.901.569	8.712.291	13.613.860

	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.
Mismunur [Tekjur - Gjöld]	-576.478	-12.120
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (með skuld frá 2010 - stórnotendur)	-1.051.777	2.605.294
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)	-21,5%	29,9%
Skuld við stórnotendur (skal greidd til baka að fullu fyrir lok árs 2020)		1.171.802
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur færðar á milli ára	-490.157	1.433.492
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)	-10,0%	16,5%

Tekjuheimildir Landsnets á árinu 2016 eru vannýttar, kr. -576.478 þús. kr. fyrir almenna notendur og vannýttar, kr. -12.120 þús. kr. fyrir stórnotendur. Uppsafnaðar tekjuheimildir Landsnets í árslok 2016 eru vannýttar, kr. -1.051.777 þús. kr. fyrir almenna notendur eða -21.5% og ofnýttar kr. 2.605.294 þús.kr., eða 29,9% fyrir stórnotendur. Fyrir almenna notendur er Landsneti heimilt að flytja 490.157 þús. kr. vannýttar tekjur yfir á uppgjörsárið 2017, eða 10% af tekjumörkum ársins.

Eftir að búið er að taka tillit til skuldar við stórnotendur, sem Landsnet hefur til árisins 2020 til að greiða upp, eru uppsafnaðar ofteknar tekjur **16,5%** af tekjumörkum fyrir stórnotendur árið 2016, sem er yfir 10% vikumörkum. *Þetta er annað árið í röð sem flutningsfyrirtækið er yfir 10% vikumörkunum.* Orkustofnun bendir á að nú hefur flutningsfyrirtækið aðeins árið 2017 til að ná tekjunum niður fyrir tilskilin mörk sbr. 7. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 19/2011 um breytingu á raforkulögum.

Í 2. tölul. 3. mgr. 12 gr. raforkulaganna kemur fram að endurskoða skulu *skiptingu á eignastofni* vegna tekjumarkna fyrir stórnotendur annars annars vegar og dreifiveitur hins vegar, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Það hefur nú verið gert og er breytingin sú þann 1.1.2016, að bókfært virði eignastofns dreifiveitna lækkar úr 14.544.733 þús. kr. í 13.242.610 þús. kr., sameiginlegur eignastofn dreifiveitna og stórnotenda hækkar úr 43.590.094 þús. kr. í 44.836.866 þús. kr. og eignastofn stórnotenda hækkar úr 140.129 þús. USD í 140.647 þús. USD. Orkustofnun gerir ekki athugasemd við þessa skiptingu, sem einnig hefur verið kynnt og rökstudd fyrir stofnuninni á fyrri stigum málsins.

Leiga flutningsvirkja hefur verið metin inn í uppgjör tekjumarkna eins og um eignir sé að ræða. Eftir að nýjar leiðbeiningar Orkustofnunar tóku gildi þann 1. apríl sl. er nú óskað eftir að flutningsfyrirtækið skili Orkustofnun afriti af öllum leigusamningum sem um ræðir. Ekki tókst að útvega alla leigusamninga fyrir þetta uppgjör og óskar Orkustofnun eftir því að við næsta uppgjör tekjumarkna liggi allir leigusamningar fyrir.

Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og varða gjaldskrármál eða starfsemi flutningsfyrirtækis sæta kærur til úrskurðanefndar raforkumála. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunin

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra


Silja Rán Sigurðardóttir

verkefnastjóri hagfræði raforkumála


Rakel Jensdóttir

lögfræðingur